

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands HR



|                            |                      |                                |                        |
|----------------------------|----------------------|--------------------------------|------------------------|
| <b>Dags eftirlits</b>      | 14.11.2017           | <b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b> | Einar Halldórsson      |
| <b>Fyrirtæki</b>           | Háskóli Íslands      | <b>Eftirlitsmaður</b>          |                        |
| <b>Heimili</b>             | Vatnsmýrarvegur 16   | <b>Tegund eftirlits</b>        | Reglubundið            |
| <b>Kennitala</b>           | 600169-2039          | <b>Flokkur</b>                 | Erfðabreyttar lífverur |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> | Valerie Helene Maier | <b>ÍSAT nr.</b>                |                        |
| <b>Fulltrúi fyrirtækis</b> |                      | <b>Staðsetning</b>             |                        |

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta reglubundna eftirlit hjá Háskólanum í Reykjavík. Engar athugasemdir voru gerðar en þrjú frávík komu fram frá starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var eftirlitið þar sem farið var í gegnum starfsleyfi rekstraraðila. Rætt var um fyrirkomulag eftirlits og tíðni þess. Sérstaklega voru tekin fyrir ákveðnar greinar í starfsleyfinu:

- 2.1 – Skráning úrgangs
- 2.2 – Meðhöndlun úrgangs og spilliefna
- 2.3 – Afmörkunarráðstafanir
- 2.4 – Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan.
  - 3.1 – Öryggisráðstafanir
  - 3.2 – Vinnudagbók
  - 3.1 - Öryggisráðstafanir
  - 4.2 - Áhættumat og neyðaráætlun

Rætt var um starfsemina og fjölda fiska sem unnið væri með. Rekstraraðili benti á að í starfsleyfinu gætti ákveðinnar ónákvæmi á milli þess sem kom fram í umsókn um starfsleyfið en ekki er rétt að með BAC aðferð að ekkert utanaðkomandi erfðaefni verði eftir í erfðamengi fiskanna. Hins vegar hafi BAC aðferðin ekki gengið en önnur aðferð hafi verið tekin upp í stað hennar, TOL2. Skráning úrgangs hefur farið fram hjá móttökuaðila en eftirlitsaðili benti á að gögn um úrgang þyrftu einnig að vera til hjá rekstraraðila.

Farið var yfir skráningar og vinnuaðstaða skoðuð. Gott skipulag var á svæðinu og almennt snyrtilegt.

### Frávík frá

grein 1.4 - Breytingar á rekstri

### Lýsing á frávíki

Rekstraraðili gerði stofnuninni ekki viðvart um breytingu á rekstri, þ.e. að ný aðferð hafi verið tekin upp utan þeirra sem lýst er í grein 1.2.

grein 2.3 - Afmörkunarráðstafanir

Kolasía er ekki virk en samkvæmt starfsleyfi á frárennslisvatn að fara í gegnum tvær síur, eina grófa eina fína auk kolasíu og UV-síu áður en það fer út úr húsi. Ef rekstraraðilia telur kolasíuna óþarfa þarf að senda stofnuninni greinargerð þar um.

grein 2.1 - Skráning úrgangs

Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við framleiðsluna, sbr.

ákvæði reglugerðar nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.12.2017



Einar Halldórsson